

Ársskýrsla Maríuhúss 2021

Skjólstæðingar

Maríuhús er með leyfi fyrir 22 skjólstæðinga dag hvern.

Á árinu 2021 voru 35 einstaklingar sem nýttu sér þjónustu Maríuhúss, 10 karlar og 25 konur. Af þeim bjuggu 19 með maka eða barni en 16 bjuggu einir. Meðalaldur þeirra var 79,5 ár (64 til 94 ára).

Meðaldvalartími þeirra sem útskrifuðust á árinu var 18,6 mánuðir en sá sem var styst var í 10 mánuði en sá sem var lengst hafði verið í 71,8 mánuð, tæp 6 ár.

Um áramót 2021/2022 voru 27 einstaklingar skráðir í Maríuhús. Þeir koma 3 til 5 daga í viku.

Tíu skjólstæðingar fá aðstoð við böðun, einu sinni til tvisvar í viku. Ellefu skjólstæðingar fara með okkur í sund einu sinni í viku. Tveir skjólstæðingar fá hvatningu og aðstoð við tannburstun. Einnig er einum skjólstæðingi veitt regluleg aðstoð við að skipta um bleyjubuxur og fjórir fá aðstoð við salernisferðir.

Átta skjólstæðingar fá aðstoð við lyfjatöku, ýmist í formi tafla, augndropa eða sprauta.

Heimaþjónustan/heimahjúkrun hefur sinnt 18 af skjólstæðingum Maríuhúss á árinu. Það er meðal annars aðstoð við athafnir daglegs lífs, lyfjagjafir og eftirlit/stuðningur.

Tólf skjólstæðingar fengu færni og heilsumat á árinu og þrír útskrifuðust héðan í biðpláss á spítala.

Nánari tölulegar upplýsingar og samanburður frá árinu 2012 er hér aftast.

Starfsmenn

Á árinu urðu miklar breytingar í starfsmannahópnum. Fjórir starfsmenn hættu yfir árið, vegna flutninga, aldurs og ein færði sig yfir í systurhús okkar, Fríðuhús. Svo fór sú fimmta í fæðingarorlof í október.

Alls voru sex sumarafleysingastarfsmenn hjá okkur í sumar, í mislangan tíma. Engin þeirra hafði verið verið hjá okkur áður. Tvær þeirra héldu svo áfram hjá okkur í haust sem fastir starfsmenn.

Í upphafi árs voru 8 starfsmenn í 6,9 stöðugildum en 8 starfsmenn í 7 stöðugildum í lok árs. Nú um áramót starfa í húsinu hjúkrunarfræðingur, þroskaþjálfari, þrír sjúkraliðar, félagsliði og tveir almennir starfsmenn.

Eins og nánar verður vikið að síðar þá kom upp mygla í Maríuhúsi á vordögum og hefur einn starfsmaður verið í veikindaleyfi síðan þá. Hún datt af launaskrá í nóvember en vonir standa til að hún komist aftur til okkar eftir að framkvæmdir eru búnar að fullu.

Starfsdagar hússins voru nýttir í skipulag, undirbúning á virkni og fræðslu.

Við heimsóttum dagþjálfunina Viðey á Hrafnistu í mars og fórum á fræðslu heilabilunareiningar LSH um atferlistruflanir í nóvember. Fræðslustjóri

Alheimersamtakanna kom til okkar með fræðslu um lífssögu og samskipti við aðstandendur. Við höfðum ekki starfsdaga í sumar. Forstöðumaður sat ráðstefnu Alzheimer Europe í lok nóvember en hún var rafræn líkt og í fyrra. Þrír starfsmenn fóru á námsskeiðið Listir og menning, hugarefning við Alzheimer sjúkdómnum.

Nemar

Það var óvenjulítið um nemaheimsóknir þetta árið en við fengum sjúkraliðanema sem tók starfsnámið sitt hér í sumar og var svo fastráðin í haust. Einn starfsmaður Maríuhúss var í sjúkraliðanámi og tók hluta af starfsnáminu hér. Hún útskrifaðist í vor. Við fengum svo reyndar heimsóknir frá nýjum starfsmönnum Alheimersamtakanna og starfsmönnum Viðeyjar, dagþjálfunar, sem voru að kynna sér starfið hérna hjá okkur.

Ytri þjónusta

Kjartan og Þórunn sjá um akstur fyrir Maríuhús eins og áður. Á árinu hafa 34 skjólstæðingar nýtt sér akstursþjónustu. Læknisþjónusta var veitt frá Landakoti og voru þrír lækningar þaðan sem skiptu árinu á milli sín. Það kemur fótaaðgerðarfræðingur í Maríuhús eftir þörfum og sinnir skjólstæðingum okkar sem þess óska. Einnig kemur hárgreiðslukona í húsið eftir þörfum en það er sú sama sem hefur sinnt Maríuhúsi frá upphafi. Skjólstæðingarnir borga sjálfir fyrir fótaaðgerð og hárgreiðslu en það sparar tíma og skul fyrir aðstandendur að geta fengið þessa þjónustu hér í húsinu. Átta skjólstæðingar fengu á árinu heimasjúkraþjálfun hingað í Maríuhús. Sólar sér um þrif í Maríuhúsi og þau koma þrisvar í viku.

Aðstaða

Í 9 ár hefur verið á dagskrá að pússa og lakka allt parkett á efri hæðinni og var það loksins gert í mars. Það tók tvo og hálfan dag og við þurftum að hafa lokað hjá okkur einn dag vegna þess. Um páskana bilaði mótör í útblásturskerfinu sem er á salernunum niðri. Eitthvað virtist gerast við það og fékk starfsmaður alvarleg myglueinkenni. Tekin voru sýni um miðjan maí og um miðjan júní var staðfest að mygla væri á neðri hæðinni. Það var brugðist skjótt við og skipt um öll gólfefni á neðri hæðinni og hiti settur í gólfin til að minnka líkur á að þetta gerist aftur. Einnig var málað á neðri hæðinni. Reykjavíkurborg skaffaði okkur húsnæði í Laugalækjarskóla á meðan stærstu framkvæmdirnar fóru fram. Leki er í kompu á neðri hæðinni sem er ekkert notuð og gengur illa að komast fyrir hann. Epoxy efni var sprautað niður í bílaplanið til að þétta fyrir ofan kompuna en enn lekur. Talið er nú að það tengist bílskúrþaki og til stendur á nýju ári að skipta um pappa þar. Garðurinn fyrir framan húsið er alltaf mikið nýttur, við sleikjum sólina þegar hún sést, syngjum, lesum og leikum okkur.

Starfið

Vissulega hefur Covid faraldurinn sett svip sinn á Maríuhús eins og annað í þjóðfélaginu en þó í mun minna mæli en árið 2020.

Árið byrjaði gleðilega, við gátum bólusetta fyrsta hópinn gegn Covid milli jóla og nýárs og klárað svo alla um miðjan janúar. Fólk fékk einnig aðra bólusetninguna hjá okkur og nánast allir þáðu örvunarskammtinn í haust.

Við höfum alltaf verið undanskilin fjöldatakmörkunum, þurftum ekki að miða við 10 manna hóp þegar það var í gildi og áttum bara almennt að nota skynsemina.

Skjólstæðingar og starfsmenn voru hvattir til að vera heima og fara í skimun, við minnstu veikindi.

Við höfum haft varann á okkur en getað gert heilmikið á árinu þó að það hafi komið tímabil þar sem að við fengum enga gesti í hús.

Við fylgjum leiðbeiningum samráðshóps sóttvarnarlæknis, hjúkrunarheimila og dagdvala og sinnum ítrustu sóttvörnum. Allir spritta sig á morgnana og fyrir allar máltíðir.

Grímuskylda starfsmanna var háð ákvörðun hveðrar stofnunar fyrir sig þegar fjórða bylgjan skall á og við ákváðum að nota ekki grímur, grímunotkun hefði fleiri ókosti en kosti. Fólk átti erfiðara með að tengjast okkur, heyra hvað við sögðum og ein var hreinlega hrædd við grímurnar.

Og við sluppum vel á þessu ári, hvorki starfsfólk né skjólstæðingar fengu Covid og bara fimm skjólstæðingar þurftu í smitgát eða sóttkví nú í nýjustu og stærstu bylgjunni.

Eiga starfsmenn, skjólstæðingar og aðstandendur mikinn heiður skilinn fyrir dugnað, þrautseigju og ósérhlífni í gegnum þetta langa ástand.

En það var ekki bara Covid sem setti svip á starfið. Eins og fram kom hér að ofan þá fannst mygla í húsinu og meðan farið var í miklar framkvæmdir þurftum við að fara úr húsinu. Við fengum inni í Laugalækjarskóla þar sem við höfðum aðstöðu á fyrstu hæð; matsal, bókasafn, tvö fundaherbergi, stóran gang með borðum á tveimur stöðum og svo hafði starfsfólk aðgang að kaffistofu kennara.

Við vorum þar frá 24. júní til 20. júlí. Við lokuðum í einn dag til að undirbúa flutninga, við fluttum með okkur hvíldarstóla eftir að hafa sent þá í mygluþrif og við óskuðum eftir að fá gefins púsluspil, garn og annað föndur til að taka með. Aðstandendur okkar brugðust einstaklega vel við því og við höfðum nóg að gera.

Við hentum nánast öllu áður en við fórum, öllu föndurefni, garni, blöðum, öllum þeim bókum sem við máttum missa. Við vildum ekki eiga á hættu að þar leyndust myglugró. Þegar framkvæmdum lauk voru fengin sérstök mygluþrif fyrir húsið þar sem allt var tekið í gegn.

Við komum því heim að nánast öllu tómu og erum í raun enn að fylla svolítið á. Aftur auglýstum við eftir gefins efni og fengum efni í föndur, púsluspil, spil, garn og margt fleira gefins, að mestu frá aðstandendum en einnig vinum og kunningjum starfsfólks. Hagkaup í Skeifunni gaf okkur mikið af jólaskrauti fyrir jólin þar sem að við höfðum hent því öllu.

Mikið mæddi á nýju sumarstarfsfólki sem gekk ekki bara inn í gamla rútinu okkar, heldur stóð í flutningum með okkur á nýjan stað og krefjandi starfi þar.

Því að þó að það gengi í heildina vel að færa sig um stað, þá voru ótal áskoranir. Það var frekar kalt í skólanum og fengum við blásturs og rafmagnsöfnu til að hita aðeins betur, þetta var nýtt umhverfi og áttu sumir skjólstæðingar erfitt með að fóta sig á nýjum stað. Maður sá vel hvað rútinan og stöðugleikinn skipta fólkið okkar miklu máli. Það var þó ein sem var alsæl yfir að losna við stigann í Maríuhúsi, svo þetta var ekki alslæmt.

Þetta hefði aldrei gengið nema með frábærum hópi starfsfólks sem ég kann kærar þakkir fyrir dugnaðinn, þolinmæðina, sveigjanleikann og hugmyndaauðgina.

Í Maríuhúsi leggjum við nú sem áður megináherslu á að sinna skjólstæðingum okkar og aðstandendum þeirra af alúð og virðingu, hvað sem utanaðkomandi áreitum líður. Við virkjum skjólstæðinga okkar eftir besta megni til að viðhalda og efla líkamlega, vitræna og félagslega færni þeirra.

Við leggjum áherslu á að virkni fari fram í minni hópum því skjólstæðingahópur okkar nýtur sín betur þannig. Við eflum líkamlega færni með stólaleikfimi og gönguferðum, við eflum félagslega færni með samveru og við eflum vitræna færni með bæði iðju eins og kertagerð, þæfingu, málun, mósaík, smíðum og fleira. En einnig ýmissi hugarleikfimi; við lesum bækur, tölum um ferðalög, spilum ýmis spil og svo mætti lengi telja.

Við höfum aftur getað leyft skjólstæðingum okkar að taka þátt í heimilisverkunum en það lá niðri þegar Covid var hvað verst.

Við höfum áfram tekið þátt í verkefninu Listir og menning sem meðferð. Nokkur söfn eru aðilar að verkefninu og bjóða skjólstæðingum okkar að koma í leiðsögn á safn einu sinni í mánuði. Breytt frá fyrra ári er að þá fóru aðstandendur með en vegna Covid féll það niður. Það fara um 6 skjólstæðingar í hvert sinn. Mikil ánægja er hjá öllum með þetta verkefni og hefur bara einni heimsókn verið aflýst á árinu vegna Covid.

Prestar og/eða djákni Bústaðakirkju, ásamt organista, koma mánaðarlega yfir vetrartímamann og leiða helgistund. Okkur var boðið til þeirra á sumarhátíð í Grensáskirkju og var það virkilega góð stund.

Krakkarnir á leikskólanum Kvistaborg komu þrisvar til okkur og glöddu með söng. Þau fá alltaf djús og kex í listamannslaun.

Við höfum fengið heilmikið af gestum til okkar á árinu; rithöfundar, tónlistarfólk, fuglaljósmyndari og skemmtikraftar hafa glatt okkur með nærveru sinni og í mörgum tilfellum kemur fólk til okkar án endurgjalds sem er ómetanlegt.

Við gátum farið í ferðalög þetta árið og gerðum óvenju mikið af því!

Þegar verið var að þússa upp parketið hjá okkur skipulögðum við rútuferð með stuttum fyrirvara. Við fórum á Landnámssetrið í Borgarnesi þar sem við fengum afar góðar móttökur. Síðan lá leiðin að Hótel Hamri þar við borðuðum súpu og rútabílstjórinn dró fram harmónikkuna og spilaði nokkur lög.

Hefðbundin vorferð var að Bjarneyjarsandi í Hvalfirði. Þar fórum við í fjárhúsin og fylgdumst með sauðburði og keyptum okkur svo kjötsúpu í hádeginu.

Þegar við komum til baka úr skólanum þá voru þrífín ekki alveg yfirstaðin og við fórum því aftur í að undirbúa rútuferð með stuttum fyrirvara. Að þessu sinni lá leiðin á Selfoss og Stokkseyri. Við fórum Hellisheiðina austur og skoðuðum nýja miðbæinn á Selfossi áður en við fórum á veitingastaðinn Fjöruborðið á Stokkseyri þar sem við fengum okkur ljúffenga humarsúpu. Svo var farið um Þrengslin heim.

Við lögðum svo enn af stað í byrjun október til að skoða haustlitina, fórum Mosfellsheiði yfir á Þingvöll og þaðan niður Grímsnesið. Við brugðum ekki út af vananum og keyptum okkur súpu í hádeginu í Þrastalundi.

Við fórum á tónleika, í bíó og svo fórum við á sýninguna í Perlunni og fengum okkur kaffi þar.

Öllu jafna reynum við að bjóðum mökum skjólstaðinga okkar á þorablót, litlu jól og í sumarferð en gerðum það ekki vegna sóttvarna þetta árið.

Við náðum þó að halda kaffihúsakvöld fyrir skjólstaðinga okkar og aðstandendur þeirra í október, það var yndisleg stund og við fengum Svavar Knút til að skemmta gestum. Í húsið mættu rúmlega 70 manns.

Stór þáttur í starfi okkar er fjölskylduhjúkrun en aðstandendur eru þeir sem gera skjólstaðingum okkar kleift að búa heima sem lengst. Aðstandendur þurfa á öllum þeim stuðningi sem í boði er að halda til að geta hugsað um ástvin sinn. Í sameiningu geta dagþjálfun og aðstandendur unnið kraftaverk.

Við aðstoðum fólk við að meta hvenær þörf er á meiri aðstoð (í Maríuhúsi eða frá félags eða heimaþjónustu). Við ráðleggjum hvíldarinnlagnir á hjúkrunarheimili og aðstoðum fólk í því ferli. Á árinu fóru 14 skjólstaðingar í hvíldarinnlögn. Dvöl þeirra var á bilinu 2 til 6 vikur, að meðaltali tæpar 3 vikur.

Einnig veitum við stuðning þegar kemur að því að sækja um varanlega dvöl á hjúkrunarheimili fyrir viðkomandi en það geta verið þung skref fyrir alla.

Markmið okkar fyrir komandi ár er að halda áfram því góða starfi sem hér er unnið svo að skjólstaðingar okkar geti notið líðandi stundar og búið sem lengst heima, við sem besta heilsu og aðbúnað.

Reykjavík, 25. janúar 2022

Ólína Kristín Jónsdóttir
hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður Maríuhúss

	2021	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012
Fjöldi skjólstæðinga	35	47	57	43	56	47	40	45	42	46
Innskiftir	7	16	31	12	28	22	16	20	17	22
Útskriftir	8	19	24	17	25	19	15	21	17	21
Meðalbiðtími eftir innskrift	12,8 mán	5,8 mán	5,4 mán	12,6 mán	8,0 mán	10,8 mán	8,9 mán	8,1 mán	8,1 mán	9,0 mán
mest	26 mán	36,9 mán	17 mán	21,8 mán	28,5 mán	36,3 mán	29,6 mán	24,1 mán	21,2 mán	20,1 mán
minnst	0,9 mán	0,07 mán	0,25 mán	5,2 mán	0,3 mán	0,4 mán	1,5 mán	2,6 mán	4,2 mán	2,9 mán
Meðaldvalartími útskrifaðra	18,6 mán	8,2 mán	13,2 mán	20,3 mán	21,5 mán	19,2 mán	17 mán	16,6 mán	20,7 mán	19,7 mán
mest	71,8 mán	38,5 mán	35,6 mán	55 mán	61,6 mán	52,6 mán	28 mán	40,4 mán	52,8 mán	47,3 mán
minnst	10,3 mán	0,6 mán	1,2 mán	8,1 mán	4,1 mán	2,8 mán	5,7 mán	4,1m án	3 mán	3,2 mán
Meðalaldur	79,5	79,2	80,7	80,8	82,4	83,3	81,2	78,4	77,5	79,3
elst	94	93	98	95	95					0
yngst	64	63	62	61	61					
Konur	25	32	36	25	32	23	22	20	19	25
Karlar	10	15	21	18	24	24	18	25	23	21
Búa einir	16	22	29	17	24	15	12	16	18	17
Fá heimaþjónust	18	22	17	17	25	20	15	16	19	25
Fóru í hvíldarinnlögn	14(20 innlag gnir)	9 (9 innlag gnir)	12 (19 innlag gnir)	15 (23 innlag gnir)	8 (9 innlag gnir)	11 (19 innlag gnir)	10 (18 innlag gnir)	11	13	15
meðaltími í hvíld	2,8 vikur	2,8 vikur	3,9 vikur	2,2 vikur	2,2 vikur	2,2 vikur	2,8 vikur	3,3 vikur	4,25 vikur	3,25 vikur
Notfæra sérakstur	34	44	48	39	51	44	38	41	37	40
Fengu Færni og heilsumat	12	9	16	16	8	16	11	9	13	11
Meðalbiðtími eftir hjúkrunarrými	5,6 mán	3,4 mán	4,5 mán	4,9 mán	3,6 mán	4,9 mán	2,3 mán	3,2 mán	3,2 mán	3,9 mán
mest	13,5 mán	14,3 mán	9,3 mán	16,2 mán	7,5 mán	27,7 mán	6,8 mán	7,2 mán	6,6 mán	7,6 mán
minnst	1,7 mán	1 dagur	1,1 mán	1,5 mán	0,5 mán	0,7 mán	0,2 mán	0,2 mán	0,9 mán	1,1 mán
Sjúkrahúsinnlagningar	9 (7 skjólst)	8 (8 skjólst)	12(12 skjólst)	20 (15 skjólst)	15 (11 skjólst)	7 (7 skjólst)	11 (8 skjólst)	11 (9 skjólst)	13 (10 skjólst)	17 (15 skjólst)
Útskrift á spítala	3	2	11	8	7	3	5	6	3	6
Andlát (heima eða á spítala)	0	1	1	0	0	0	1	2	0	4

